

Fundarnúmer:	578
Dagsetning:	15.12.2008
Tími:	11:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

578. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. desember 2008 kl. 11:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Málefni Hvammstangahallarinnar ehf.
2. Erindi Stígamóta.
3. Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til eigenda Hindisvíkur.
4. Afrit af bréfi Alþingismanna NV-kjördæmis til menntamálaráðherra.
5. Ársreikningur Félagsheimilisins Ásbyrgis 2007.
6. Reglur um tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags.
7. Akstursstyrkir.

Afgreiðslur:

1. Rætt um málefni Hvammstangahallarinnar. Frekari umræðu frestað til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga frá fulltrúum Hestamannafélagsins Þyts og Hvammstangahallarinnar ehf.
 2. Fram lagt erindi Stígamóta. Óskað er eftir rekstrarstyrk á árinu 2009. Erindinu hafnað.
 3. Til kynningar lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til eigenda Hindisvíkur þar sem fjallað er um uppsetningu skilta og rétt almennings skv. náttúruverndarlögum til að fara um óræktað land.
 4. Fram lagt til kynningar bréf Alþingismanna NV-kjördæmis til menntamálaráðherra. Bréfið er sent í kjölfar fundar þingmanna með fulltrúum sveitarstjórna á Norðurlandi vestra.
 5. Fram lagður til kynningar ársreikningur Félagsheimilisins Ásbyrgis fyrir árið 2007.
 6. Fram lögð drög að reglum um tónlistarnám nemenda á aldrinum 16-20 ára sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum. Byggðarráð samþykkti að fresta afgreiðslu til næsta fundar.
 7. Farið yfir hugmyndir um akstursstyrki til þeirra sem um lengstan veg eiga að fara til að nýta þjónustu leikskólans Ásgarðs. Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að leggja drög að reglum um úthlutun slíkra styrkja.
- Samþykkt að taka á dagskrá:
8. Sveitarstjóri lagði fram svar við fyrirspurn Odds Sigurðarsonar frá síðasta sveitarstjórnarfundi um fjölda starfsmanna sveitarfélagsins sem hafa undirritaða námssamninga eða hafa notið ígildi slíks.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:25
Elín R. Líndal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi.
Oddur Sigurðarson(sign.).